

# OLF

## Online Filing



## Hvað er Online Filing - OLF

Hugbúnaðurinn Online Filing eða OLF gerir þér kleift að leggja inn rafræna einkaleyfisumsókn með öruggum hætti yfir netið.

Kostir rafrænna umsókna eru:

- Spara tíma og fjármuni
- Staðfesting berst strax með umsóknarnúmeri og umsóknardagsetningu
- Öruggur sendingarmáti
- Afsláttur á umsóknargjöldum
- Án viðbótarkostnaðar (ef notast er við rafræn skilríki frá EPO eða WIPO)

## Með Online Filing er hægt að leggja inn

- Umsókn um evrópskt einkaleyfi (EP grunnumsókn), sbr. form 1001
- Skjöl til EPO er varða andmæli, áfrýjun, ógilding, takmörkun o.fl. (subsequently filed documents), sbr. form 1038
- EURO-PCT umsókn (yfurfærð PCT umsókn til EPO), sbr. form 1200
- Alþjóðlega einkaleyfisumsókn (PCT grunnumsókn) til WIPO, sbr. form PCT/RO/101

## Við uppsetningu á Online Filing

þarf tölvan eftirfarandi:

- Pentium 4 - 1.8 GHz eða hærra
- 512 MB RAM
- 500 MB laust pláss á harða disknum
- USB viðmót eða rað- og PS/2 tengi

Eitt af eftirfarandi:

- Windows 2000 SP4
- Windows XP SP2/SP3
- Windows Vista SP1

# Uppsetning

## Skilríki og Online Filing




### Mikilvægar ábendingar

- Setja þarf upp bæði „the smart card reader driver“ og GemSAFE Libraries
- Hugbúnaðinn skal settur upp í þeirri röð er gluggarnir birtast á skjánum
- Ekki þarf að setja upp Adobe Acrobat ef að forritið er nú þegar á tölvunni

### Uppsetning á kortalesara

Slökkva skal á tölvunni og tengja kortalesarann við hana. Þegar tölvan er endurræst, á rekill (driver) að vera settur upp sjálfkrafa með tengiskynstækni eða

setja hugbúnaðinn Online Filing (CD rom) í tölvuna og velja „Smart Card Reader Driver“ og „GemSAFE Libraries v. 4.2 SP4“ eða „GemSAFE Libraries v. 5.1“ (fyrir Windows Vista) af glugganum hér að neðan. Jafnframt er hægt að kalla gluggann fram handvirkt með því að velja skrána **EASYAUTORUN.EXE**.




Mynd: Aðal valgluggi

## GemSAFE Libraries v. 4.2 SP4 / 5.1


Þegar rétt útgáfa af GemSAFE Libraries hefur verið valin, sjá glugga á blaðsíðu 1, birtist glugginn hér að neðan. Velja skal Next.



Fara þarf yfir og samþykkja skilmála leyfissamnings. Velja svo Next.



Velja skal Next til að halda uppsetningu áfram.



## Adobe® Acrobat® Reader®


Ef Adobe® Acrobat® Reader®, útgáfa 5 eða yfir, er tilstaðar í tölvunni skal notast við þá útgáfu (að undanskilinni útgáfu 6.00).

Eða

Setja forritið upp með því að velja Adobe Acrobat 9.00 Reader af glugga, sjá blaðsíðu 1.

## Amyuni PDF Converter

Forritið er valið af glugga, sjá blaðsíðu 1.




Velja skal OK til að halda uppsetningu áfram.

## Online Filing client software


Forritið er valið af glugga, sjá blaðsíðu 1.

Velja þarf tungumál hugbúnaðar (einungis er hægt að velja ensku, frönsku, þýsku eða spænsku) og ýta á OK.



Næst þarf að velja útgáfu til uppsetningar en þá er tvennt í boði. Annars vegar er um að ræða sjálfstæða útgáfu sem hentar almennt betur íslenskum notendum (velja Local installation) og hins vegar net útgáfu sem hentar þegar um stórar deildir/skrifstofur er að ræða (velja Server Installation, Client installation er fyrir allar aðrar tölvur).


Nánari upplýsingar um uppsetningu Online Filing má finna á heimasíðu EPO: [http://docs.epoline.org/onlinefilingdocs/OLF4\\_InstallGuide\\_EN\\_081010.pdf](http://docs.epoline.org/onlinefilingdocs/OLF4_InstallGuide_EN_081010.pdf)



Velja skal next til að halda uppsetningu áfram.

## PatXML

Forritið er valið af glugga, sjá blaðsíðu 1.



Velja skal next til að halda uppsetningu áfram.